

Skýrsla stjórnar Heyrnarhjalpar starfsárið 2024-2025

Við höfum starfsárið í febrúar með því að bjóða upp á rittúlkað átta skipta stólajóga fyrir félagsmenn. Námskeiðið hófst þann 7. febrúar sl. og var haldið í Hreyfilandi í Dugguvogi 4. Námskeið var ágætlega sótt og var alveg ótrúlega skemmtileg upplifun að fá rittúlkað stólajóga. Klárlega eitthvað sem munum bjóða upp á aftur.

Nú svo þann 3. mars sl. buðum við til vöflukaffis hér í Sigtúninu í tilefni af degi heyrnar. Þema dagsins var „breytt viðhorf og fræðsla um heyrn“ Þar mættu þeir Kristján Guðmundsson fyrrverandi framhaldsskólakennari og Kristján Sverrisson framkvæmdarstjóri HTÍ. Bæði erindin áttu vel við þema dagsins sem en það er sláandi hversu aftarlega Ísland stendur í aðgengi að heyrn miðað við Norðurlöndin. Það er ljóst að mikil barátta er framundan til að bæta úr þessu. Viðburðurinn var rittúlkaður.

Í mars var einnig á vegum ÖBÍ og Sjá haldin málstofa um máltækni fyrir fatlaða, Aðgengi og lausnir. Afurð af þeirri málstofu var síðan síðan kynnt og hvað skyldi taka við 23.10 2024. Ingólfur, Kristín og Halla voru fulltrúar okkar þar.

Við höldum síðan aðalfundinn okkar 28. maí. Halla var kjörin formaður og aðrir stjórnarmenn kosnir í stjórn. Rittúlkaður.

Þann 14. september héldu formaður og varaformaður til Færeyja en aðalfundur NHS var haldinn þar í þetta skiptið. Gaman að heimsækja Færeyjar og gaman að sjá að Færeyingarnir eru að sækja í sig veðrið aftur á þessum vettvangi en síðustu ár höfðu þeir ekki mikið verið að taka þátt í þessu norræna samstarfi. Það var áhugavert og gaman að sjá, eins og alltaf á þessum fundum með norrænu félögunum, hversu stór og öflug þessi félög eru. Enda með töluvert fleiri félagsmenn en við. En af þeim má margt læra. Það má segja að við tengdumst kannski mest við Færeyingana sem eru á svipuðum stað og við og í svipaðri baráttu. Einnig eru finnsku samtökin með mjög áhugaverð verkefni í gangi hjá sér.

Það er afar mikilvægt að halda í þetta góða tengslanet sem við höfum hjá þessum félögum og það er líka gaman að sjá hvað þau hafa alltaf mikinn áhuga á að sjá og heyra hvað við erum að gera og hvernig okkar barátta gengur.

Svo við klárum samantekt varðandi norræna samstarfið að þá voru haldnir tveir stuttir formannafundir í gegnum Teams á árinu einnig sem er nýbreytni en auðvitað sparnaður. Þar er farið yfir það helsta sem er að gerast hjá hverju félagi. Næsta aðalfundur NHS verður haldin í Finnlandi, nánar tiltekið í Lapplandi.

Í byrjun október ákvað Halla að hætta sem formaður og gangi úr stjórn, Stefán Benediktsson stjórnarmaður gjaldkeri félagsins gekk líka úr stjórn. Þeim er þakkað fyrir gott og óeigingjarnt starf í þágu félagsins til margra ára. Það er alltaf leiðinlegt að sjá á eftir góðum félögum úr starfinu.

Sú sem hér stendur tók við keflinu af Höllu fram að aðalfundi og Telma og Sigrún varamenn, komu inn í stjórn sem aðalmenn.

Þann 15. október höldum við í samstarfi við Hjört H. Jónsson, málþing um Hljóðóþol á Grand hótél þar sem Hjörtur hélt erindi og kynnti niðurstöður rannsóknar um hljóðóþol. Um 50 manns mættu á staðinn og um 20 fylgdust með í streymi. Þar kom skýrt í ljós að það vantar meiri fræðslu,

þjónustu og bjargráð um hljóðóþol en við teljum að þetta hafi verið mjög góður vettvangur sem skilar vonandi enn frekari afurð seinna meir. Viðburðurinn var rittúlkaður.

Það er gaman að segja frá því hvað meðlimir í stjórn Heyrnarhjálpar hafa verið öflugir í starfi ÖBÍ Á aðalfundi ÖBÍ sem haldinn var 4.-5. október sl. var Telma kosin formaður heilbrigðishóps ÖBÍ. Ingólfur er í aðgengishóp ÖBÍ og í aðgengis og samráðsnefnd fatlaðra í Reykjavík og hefur verið það síðan 2016 tilnefndur af ÖBÍ.

Þá er rétt að segja frá tilnefningum í nefndir á árinu á vegum ráðuneytanna. Ingólfur var tilnefndur í nefnd á vegum heilbrigðisráðuneytisins sem bar yfirskriftina „Þjónusta við heyrnarskerta“ Sú nefnd skilaði af sér skýrslur í febrúar sl. sem aðgengileg er á netinu. Vel gert Ingólfur og Telma.

Svo er kannski rétt að segja frá því að við framlengdum húsaleigusamning við sjúkrabjálfunarstöðina Vivus sem leigir Langholtsveg 111. Samningurinn var framlengdur um 5 ár og húsaleiga hækkuð.

Að lokum er gaman að segja frá því að nú standa yfir atvinnuviðtöl fyrir starf starfsmanns á skrifstofuna okkar. Við bindum vonir við að geta ráðið núna í maí.